



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Grindavík, 26. nóvember 2018

Efni: Fimm ára samgönguáætlun 2019-2023 og samgönguáætlun 2019-2033, mál nr. 172 og 173

Mikil samstaða hefur náðst meðal sveitarfélaganna á Suðurnesjum um vegaframkvæmdir á Reykjanesbraut. Grindavíkurbær leggur auk þess áherslu á eftirfarandi verkefni:

Umferðaröryggi á Grindavíkurvegi

Bæjaryfirvöld í Grindavík þakka þann góða stuðning sem þingmenn Suðurkjördæmis, samgönguráðherra, fjármálaráðherra, Vegagerðin og fleiri aðilar hafa veitt til að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga að bættu umferðaröryggi á Grindavíkurvegi. Þegar framkvæmdum við þennan áfanga lýkur verður búið að aðskilja akstursstefnur á vegkaflanum milli Seltjarnar og gatnamóta við Bláa Lónið. Engu að síður verður ólukið við að endurbæta vegkaflana á hvorum enda Grindavíkurvegjar, þ.e. milli Reykjanesbrautar og Seltjarnar sem og frá gatnamótum við Bláa Lónið að þéttbýlinu í Grindavík. Þung áhersla er lögð á að fjármagn verði tryggt til að ljúka endurbótum á öllum Grindavíkurvegjunum enda er hann einn áhættumesti og jafnframt slysamesti vegur landsins.

Suðurstrandarvegur


Lukið verði við lagningu Suðurstrandarvegjar frá Hrauni að Grindavíkurvegi ásamt því að áningastöðum, bílastæðum og tengingum verði fjölgað. Meðan þessum hluta Suðurstrandarvegjar er ólukið fer öll umferðin í gegnum þéttbýlið í Grindavík, þar með taldir miklir þungaflutningar milli Þorlákshafnar og þéttbýlisstaða á Suðurnesjum. Akstursleiðin liggur m.a. meðfram íþróttasvæði Grindavíkur og um íbúagötur sem skapar mikla slyshættu og ónæði fyrir íbúana. Allt skipulag bæjarfélagsins miðast við að framkvæmdum við Suðurstrandarveg norðan íbúabyggðarinnar verði lukið, en nú er unnið að lokafrágangi á nýju aðalskipulagi með þetta að leiðarljósi.

Grindavíkurhöfn og sjóvarnir

Grindavík er meðal öflugustu sjávarútvegssveitarfélaga landsins. Umtalsverðar endurbætur hafa verið gerðar á hafnarmannvirkjum að undanförunu enda var bryggjan víða úr sér gengin og nýttist ekki til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til hafnarþjónustu. Með frekari sjóvörnum og botndýpkunum er unnt að bæta aðstöðu fyrir fiskiskip og tryggja flutningaskipum í áætlunarsiglingum örugga viðkomu í Grindavíkurhöfn án teljandi tafa vegna sjólags og veðurs.

Lögð er áhersla á að haldið verði áfram lagningu sjóvarnargarðs við Stað til að verja kirkjugarðinn og að bryggjan í Þórkötlustaðanesi verði varin með varnargarði. Auk þess er brýnt að farið verði í sjóvarnir við Selatanga, Móakot og Ísólfsskála.

Bæjaryfirvöld í Grindavík telja mikilvægt að Alþingi tryggi fjármagn á samgönguáætlun til að ljúka megi þeim framkvæmdum sem bæjarfélagið leggur megináherslu á samkvæmt erindi þessu.

Virðingarfyllt
Bæjarstjórinn
í Grindavík

Fannar Jónasson, bæjarstjóri